

Lög

um brunavarnir.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir með því að tryggja fullnægjandi eldvarnaeftirlit og viðbúnað við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi.

2. gr.

Gildissvið.

Lögin gilda um eldvarnir og slökkvistörf vegna eldsvoða og viðbúnað við mengunaróhöppum á landi. Lögin taka ekki til eldvarna í skipum, loftförum, almennum vinnuvélum, bifreiðum eða öðrum vélknúnum ökutækjum.

3. gr.

Skilgreiningar.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

Atvinnuhúsnæði: Húsnæði þar sem almenningur kemur saman, dvelur, sækir þjónustu og þar sem hvers konar atvinnustarfsemi fer fram.

Bráð hættu: Þegar ætla má að fólk geti ekki forðað sér til öruggs staðar við eldsvoða eða mengunaróhapp.

Brunahönnun: Sérstök hönnun sem tekur til brunavarna í mannvirkjum.

Brunavarnir: Eldvarnir, starfsemi slökkviliðs og aðrar aðgerðir einstaklinga og fyrirtækja sem mælt er fyrir um í þessum lögum.

Eldsvoði: Þegar eldur er laus og nauðsyn er sérstakra slökkviráðstafana.

Eldvarnir: Allar fyrirbyggjandi aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir eldsvoða.

Mannvirki: Hvers konar byggingar, ofan jarðar eða neðan.

Mengunaróhapp: Þegar eiturefni eða önnur efni berast, eða kunna að berast, í umhverfið og tafarlaus upphreinsun eða önnur tafarlaus úrræði eru nauðsynleg vegna hættu á tjóni á heilsu fólks, umhverfi og eignum.

Vara: Hvers kyns lausafjármunir, svo sem allar framleiðsluvörur og hráefni.

II. KAFLI

Stjórn og skipan brunamála.

4. gr.

Yfirstjórn brunamála.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Brunamálastofnun er ráðherra til aðstoðar um málefni er falla undir lög þessi.

5. gr.

Brunamálastofnun.

Ríkið starfrækir Brunamálastofnun. Helstu verkefni stofnunarinnar eru að:

- a. hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim,
- b. hafa yfirumsjón með eldvarnaeftirliti og slökkvistarfi sveitarfélaga í þeim tilgangi að tryggja samræmt eftirlit og virkt slökkvistarf á landinu öllu,
- c. sjá um kynningar- og fræðslustarf fyrir almenning og slökkvilið og þá sem vinna við brunahönnun mannvirkja,
- d. vera byggingaryfirvöldum til ráðgjafar um eldvarnir mannvirkja og brunaöryggi vöru,
- e. samþykkja þjónustu- og eftirlitsaðila brunavarna og brunavarnaáætlanir sveitarfélaga,
- f. yfirfara brunahönnun nýbygginga, viðbóta og breytinga á mannvirkjum sem slökkviliðsstjóri eða byggingarfulltrúi vísar til stofnunarinnar,
- g. fylgjast með og eftir atvikum stunda sjálfstæðar rannsóknir á sviði brunavarna og semja árlega skýrslu um orsakir og afleiðingar eldsvoða,
- h. eiga samstarf við hliðstæðar stofnanir í nágrennalöndunum og fylgjast með framförum og nýjungum á sviði brunavarna,
- i. gera tillögur til ráðuneytis um breytingar á reglum um brunamál eftir því sem tilefni gefst til.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um verkefni og starfsemi Brunamálastofnunar.

6. gr.

Samræming brunavarna.

Brunamálastofnun vinnur að samræmingu brunavarna í landinu og stuðlar að samvinnu þeirra sem starfa að brunavörnum. Stofnunin skal með sjálfstæðum athugunum og úttektum leiðbeina sveitarstjórnnum um kröfur sem gerðar eru til eldvarnaeftirlits og slökkviliða. Við úttektir og athuganir skal Brunamálastofnun leita umsagnar slökkviliðsstjóra áður en niðurstaða stofnunarinnar er send viðkomandi sveitarfélagi.

7. gr.

Brunamálaráð.

Ráðherra skipar brunamálaráð til fjögurra ára í senn að afloknum alþingiskosningum. Í brunamálaráði skulu sitja sjö fulltrúar og tilnefna Brunatæknifélag Íslands, Félag slökkviliðsstjóra, Landsamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Samband íslenskra tryggingafélaga, Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök atvinnulífsins einn fulltrúa hvert í ráðið. Ráðherra skipar formann brunamálaráðs án tilnefningar. Varamenn eru skipaðir á sama hátt.

Brunamálaráð er Brunamálastofnun til faglegrar ráðgjafar um þá þætti sem falla undir löggin. Ráðherra skal leita álits ráðsins um lagabreytingar og stefnumarkandi reglugerðir samkvæmt lögum þessum.

Ráðherra setur ráðinu starfsreglur að fengnum tillögum þess.

8. gr.

Brunamálastjóri.

Ráðherra skipar brunamálastjóra til fimm ára í senn. Brunamálastjóri skal hafa háskóla-menntun og þekkingu á verksviði stofnunarinnar og reynslu af stjórnun. Brunamálastjóri fer með daglega stjórn og rekstur stofnunarinnar og ræður starfsfólk hennar. Hann ber ábyrgð gagnvart ráðherra.

9. gr.

Brunamálaskóli.

Brunamálastofnun starfrækir Brunamálaskóla sem ætlaður er slökkviliðsmönnum, þ.m.t. slökkviliðsstjórum og eldvarnaeftirlitsmönnum. Skólinn skal vera sérstök deild innan stofnunarinnar og annast umsjón með menntun, fræðslu og þjálfun slökkviliðsmanna sem fram fer

á vegum Brunamálastofnunar og hafa sérstakt viðfangsefni í fjárlögum. Við ráðningu skólastjóra Brunamálaskólans skal brunamálastjóri leita eftir tillögu skólaráðs.

Ráðherra skipar þriggja manna skólaráð til fjögurra ára í senn, og jafnmarga menn til vara, sem er Brunamálastofnun til ráðgjafar um fagleg og rekstrarleg málefni skólans og ber ábyrgð gagnvart brunamálastjóra á framkvæmd og starfsemi Brunamálaskólans. Skólaráð skal í upphafi árs leggja fyrir brunamálastjóra til samþykktar starfsáætlun fyrir skólann. Samband íslenskra sveitarfélaga og Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna tilnefna hvort sinn fulltrúa í skólaráð og skal ráðherra skipa formann.

Ráðherra setur reglugerð um starfsemi Brunamálaskólans og hlutverk skólaráðs.

10. gr.

Ábyrgð sveitarstjórna.

Sveitarstjórn hver í sínu umdæmi ber ábyrgð á starfsemi slökkviliðs og framkvæmd eldvarnaeftirlits. Sveitarfélag ber kostnað af þessari starfsemi.

III. KAFLI

Eftirlit og skyldur sveitarfélaga.

11. gr.

Starfsemi slökkviliðs.

Sveitarfélagi er skylt að sjá um að starfsemi slökkviliðs fullnægi kröfum samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra.

Sveitarfélögum ber að sjá um að nægilegt vatn og vatnsþrýstingur sé fyrir hendi til slökkvistarfs og fyrir sérstakan slökkvibúnað þar sem hans er krafist, t.d. úðakerfi í meiri háttar byggingum. Í sveitarfélagi þar sem vatnsöflun er erfið skal leita annarra lausna til að tryggja nauðsynlegar brunavarnir.

Í reglugerð skal kveða á um lágmarkskröfur varðandi tækjakost, húsnæði og mannafla slökkviliða, svo og vatnsöflun til slökkvistarfa. Jafnframt skal í reglugerð kveða á um búnað og þjálfun slökkviliðsmanna vegna mengunaróhappa á landi að fengnum tillögum Brunamálastofnunar í samráði við Hollustuvernd ríkisins.

12. gr.

Eldvarnaeftirlit sveitarfélaga.

Eldvarnaeftirlit sveitarfélaga er sú starfsemi slökkviliðs sem hefur eftirlit með því að framfylgt sé ákvæðum laga og reglna um brunavarnir. Hlutverk eldvarnaeftirlits sveitarfélaga er að:

- a. hafa í samvinnu við byggingarfulltrúa eftirlit með því að nýbyggingar fullnægi kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum um brunavarnir áður en notkun þeirra er heimiluð,
- b. gera úttekt á mannvirkjum í notkun og gera kröfur um nauðsynlegar úrbætur á brunavörnum til að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir,
- c. leiðbeina fyrirtækjum og stofnunum eftir atvikum um hvaðeina er varðar brunavarnir og eldsvoða vegna viðkomandi starfsemi,
- d. hafa eftirlit með því að eigendur og forráðamenn atvinnuhúsnæðis sinni skyldum sínum um brunavarnir samkvæmt lögum og reglugerðum í samræmi við leiðbeiningar sem Brunamálastofnun gefur út,
- e. halda skrá yfir öll mannvirki og aðra staði þar sem eldsvoði getur valdið sérstakri hættu á manntjóni eða umtalsverðu tjóni á umhverfi eða öðrum verðmætum.

Heimilt er að fela skoðunarstofum eftirlit skv. 1. mgr., eftir því sem við á.

13. gr.

Brunavarnaáætlun.

Á hverju starfssvæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun sem fengið hefur umsögn Brunamálastofnunar og samþykki sveitarstjórnar. Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki. Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og

þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Brunamálastofnun gefur út leiðbeiningar um efni og gerð brunavarnaáætlunar.

14. gr.

Samstarf sveitarfélaga.

Sveitarfélög geta haft samvinnu sín á milli um brunavarnir.

Tvö sveitarfélög eða fleiri geta samið um sameiginlegt slökkvilið. Sveitarfélagi er einnig heimilt að semja við annað sveitarfélag um að hafa með höndum verkefni og stjórn slökkviliðs að hluta. Um slíkt skal gera skriflegan samning sem skal tilkynna til Brunamálastofnunar.

IV. KAFLI

Slökkvilið og slökkvistarf.

15. gr.

Slökkviliðsstjóri.

Sveitarstjórn ræður slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri er yfirmaður slökkviliðs en í forföllum hans varaslökkviliðsstjóri.

Slökkviliðsstjóri skal hafa hlotið löggildingu sem slökkviliðsmaður, sbr. 17. gr., og starfað að lágmarki í eitt ár í slökkviliði sem löggiltur slökkviliðsmaður eða hafa háskólamenntun með sérmenntun í brunamálum. Fáist ekki slökkviliðsstjóri til starfa sem uppfyllir framangreind hæfisskilyrði er sveitarstjórn heimilt að höfðu samráði við Brunamálastofnun að ráða slökkviliðsstjóra tímabundið til starfa, þó ekki lengur en til tveggja ára í senn.

Semji sveitarfélög um sameiginlegt slökkvilið, sbr. 14. gr., skulu viðkomandi sveitarfélög ráða slökkviliðsstjóra sem er yfirmaður slökkviliðs á svæðinu.

16. gr.

Skyldur slökkviliðsstjóra.

Slökkviliðsstjóri hefur eftirlit með því í sínu umdæmi að farið sé eftir lögum þessum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim. Hann hefur umsjón með öllum tækjum slökkviliðs og eftirlit með virkni brunahana í umdæminu í samráði við rekstraraðila viðkomandi vatnsveitu.

Slökkviliðsstjóri stjórnar slökkvistarfi við eldsvoða og hefur stjórn á vettvangi við mengunaróhöpp á landi. Við þessi störf er löggæslulið og opinberir eftirlitsaðilar undir yfirstjórn slökkviliðsstjóra. Lögregla sér slökkviliði fyrir greiðum aðgangi að vettvangsstað, stöðvar umferð um nærliggjandi götur, girðir af svæði sem slökkvilið þarf til að gegna störfum sínum, verndar brunarústir sem rannsaka þarf eða bjarga verðmætum úr og varðveitir muni sem bjargað er frá bruna þar til þeir eru afhentir réttum aðila.

Slökkviliðsstjóri skal tilkynna án tafar mengunaróhöpp til heilbrigðiseftirlits.

Slökkviliðsstjóra ber að sjá um fræðslu slökkviliðsmanna og þjálfun þeirra í brunavörnum og viðbrögðum við mengunaróhöppum og að haldnar séu reglubundnar æfingar slökkviliðs.

Slökkviliðsstjóri vinnur brunavarnaáætlun, sbr. 13. gr., á starfssvæði sínu og leggur hana fyrir sveitarstjórn.

17. gr.

Hæfi og löggilding slökkviliðsmanna.

Slökkviliðsmenn sem sækja um löggildingu til að starfa sem slökkviliðsmenn skulu hafa lokið námi fyrir slökkviliðsmenn við Brunamálaskólann eða hlotið sambærilega menntun. Jafnframt skulu þeir hafa gegnt slökkvistarfi eða starfað við brunavarnir að aðalstarfi að lágmarki í eitt ár samfellt eða starfað í hlutastarfi í slökkviliði að lágmarki í fjögur ár. Ráðherra veitir slíka löggildingu.

Ráðherra skal að fenginni tillögu Brunamálastofnunar setja reglugerð um menntun og önnur skilyrði til að öðlast löggildingu, svo og um réttindi og skyldur slökkviliðsstjóra og slökkviliðsmanna.

18. gr.

Slýsatrygging slökkviliðsmanna.

Slökkviliðsmenn og aðrir sem vinna að brunavörnum eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra skulu tryggðir við æfingar og önnur störf í þágu brunavarna eða vegna mengunaróhappa á landi í samræmi við áhættu starfsins. Lágmarkstrygging þeirra skal vera í samræmi við skilmála um slýsatryggingar starfsmanna sveitarfélaga samkvæmt kjarasamningum. Þeir sem verða fyrir tjóni við störf samkvæmt lögum þessum eiga rétt á að fá tjónið bætt úr sveitarsjóði, enda verði tjónið ekki bætt af vátryggingafélagi. Náist ekki samkomulag um bætur skal tjónið metið af dómkvöddum mönnum.

19. gr.

Þjónustuskylða í slökkviliði.

Allir verkfærir menn 18–60 ára að aldri sem hafa búsetu í sveitarfélagi eru skyldir til þjónustu í slökkviliði. Þeim er skylt að koma til æfinga í störfum slökkviliðs allt að 20 klukkustundir á ári og auk þess skulu þeir koma hvenær sem eldsvoða ber að höndum samkvæmt nánari reglum um útköll.

Sveitarstjórn skipar menn í slökkvilið, sbr. 1. mgr., að fengnum tillögum slökkviliðsstjóra. Um þóknun fyrir störf í slökkviliði fer eftir ákvörðun sveitarstjórnar að höfðu samráði við samtök slökkviliðsmanna.

Í sveitarfélögum þar sem slökkvilið er skipað fastráðnum starfsmönnum má takmarka skyldur skv. 1. og 2. mgr. eða fella þær niður.

20. gr.

Sérstök heimild slökkviliðs.

Slökkviliðsstjóra og eftirlitsmönnum hans skal heimill aðgangur að atvinnuhúsnæði og öðrum vinnustöðum þar sem eftirlits er þörf samkvæmt lögum þessum.

Heimilt er slökkviliði, lögreglu eða þeim sem þessir aðilar kveðja til að fjarlægja hvern þann sem truflar slökkvistarf eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja starf slökkviliðs.

Slökkviliði er heimilt að veita aðstoð við slökkvistarf eða viðbrögð við mengunaróhappi utan eigin umdæmis. Slökkviliðsstjóri ákveður hverju sinni hvernig aðstoð er veitt án þess að brunavörnum í umdæmi slökkviliðs sé stofnað í hættu að hans mati. Það sveitarfélag sem aðstoðar nýtur greiðir kostnað við hana. Verði ágreiningur um kostnað skal hann ákveðinn af dómkvöddum matsmönnum.

V. KAFLI

Almennar skyldur.

21. gr.

Skylða til að koma í veg fyrir eða takmarka tjón af völdum eldsvoða og mengunaróhappa.

Sé eldur laus eða hafi mengunaróhapp orðið á landi eða bráð hætta er á að slíkt atvik verði skal sá er þess verður vís leitast við að bjarga fólki frá bráðri lífshættu og vara þá við sem nærstaddir eru. Geti hann það ekki skal hann tafarlaust kveðja til slökkvilið eða aðra tiltæka hjálp.

Þegar eldsvoða ber að höndum er hverjum manni skylt að leyfa aðgang að húsi sínu og lóð og una því að brotið verði niður og rutt burt því sem til fyrirstöðu er við slökkvistarf. Heimilt er að rífa niður byggingar ef slökkviliðsstjóri álitur það nauðsynlegt til að stöðva útbreiðslu elds. Slökkvilið hefur rétt til að nota öll tæki og áhöld sem til næst og að gagni mega koma við slökkvistarf þegar eldsvoða ber að höndum.

Fjártjón sem hlýst af ráðstöfunum skv. 2. mgr. telst brunatjón og skal bætt af viðkomandi vátryggingafélagi sé eign brunatryggð. Sveitarstjórn greiðir kostnað sem kann að koma til vegna nauðsynlegra aðgerða við framkvæmd slökkvistarfs og ekki er greiddur af vátryggingafélagi.

22. gr.

Meðferð elds og eldfimra efna.

Fara skal þannig með eld, eldfim efni og önnur hættuleg efni að sem allra minnst hætta sé á því að eldsvoði eða tjón af völdum mengunar geti af því hlotist.

VI. KAFLI

Skyldur eigenda og forráðamanna mannvirkja.

23. gr.

Brunavarnir mannvirkja.

Eigandi mannvirkis ber ábyrgð á að það fullnægi kröfum um brunavarnir sem fram eru settar í lögum og reglugerðum og taki mið af þeirri starfsemi sem í mannvirkinu fer fram á hverjum tíma.

Eigandi og eftir atvikum forráðamaður mannvirkis ber ábyrgð á eigin brunavörnum, að þær séu virkar og að haft sé reglubundið eftirlit með þeim. Jafnframt er þeim skylt að hlíta fyrir mælum eftirlitsmanna sveitarfélaga og opinberra stofnana um úrbætur sem eiga sér stoð í lögum og reglugerðum um brunavarnir, byggingarmál, öryggismál, hollustuhætti og mengunarvarnir og eiturefni og hættuleg efni.

Séu breytingar gerðar á mannvirki, eða starfsemi þess breytt þannig að gerðar eru nýjar eða auknar kröfur um brunavarnir í því, er eiganda eða forráðamanni skylt að fá til þess samþykki byggingarnefndar og jafnframt að gera viðeigandi ráðstafanir til að kröfum um brunavarnir sé fullnægt fyrir hið breytta mannvirki eða hina breyttu starfsemi. Áður en byggingarnefnd veitir samþykki sitt skal hún leita álits slökkviliðsstjóra.

24. gr.

Sérstök eldhætta í mannvirki.

Skylt er að láta fara fram sérstaka brunahönnun á mannvirki þegar um er að ræða nýbyggingu þar sem af fyrirhugaðri starfsemi stafar sérstök eldhætta eða þar sem margir starfa, koma saman, fara um eða dveljast eða þar sem hætta er á stórfelldu eignatjóni í eldsvoða. Brunahönnun skal lögð fyrir byggingarnefnd til samþykktar. Byggingarnefnd skal leita álits slökkviliðsstjóra um brunahönnun áður en hún er samþykkt af nefndinni.

Sé um að ræða mannvirki sem þegar er byggt og er í rekstri og þar sem af fyrirhugaðri starfsemi stafar sérstök eldhætta eða þar sem margir starfa, koma saman, fara um eða dveljast eða þar sem hætta er á stórfelldu eignatjóni í eldsvoða skal slökkviliðsstjóri gera úttekt á brunavörnum þess, gera kröfu um úrbætur ef ástæða er til og leggja hana fyrir eiganda eða forráðamann. Sé brunavörnum slíks mannvirkis í veigamiklum atriðum ábótavant getur slökkviliðsstjóri eða byggingarfulltrúi gert kröfu um að gerð sé brunahönnun á mannvirkinu.

Slökkviliðsstjóri getur að höfðu samráði við sveitarstjórn lagt svo fyrir að í mannvirkjum, sbr. 2. mgr., séu gerðar sérstakar ráðstafanir til brunavarna, t.d. með uppsetningu á sérhæfðum búnaði til viðvörunar- og slökkvistarfs og þjálfun tiltekinna starfsmanna í brunavörnum og slökkvistarfi. Slíkar ráðstafanir skulu koma fram í brunavarnaáætlun. Eigandi mannvirkis greiðir kostnað af slíkum ráðstöfunum.

Ráðherra skal að fengnum tillögum Brunamálastofnunar setja reglugerð um brunahönnun mannvirkja.

25. gr.

Kröfur til brunaöryggis vöru.

Hver sá sem framleiðir, flytur inn eða selur vöru sem haft getur áhrif á öryggi mannvirkja og fólks gagnvart eldi skal ábyrgjast að varan fullnægi öryggiskröfum á Evrópska efnahagssvæðinu í samræmi við fyrirsjáanlega og eðlilega notkun vörunnar.

Hafi slík vara ekki fullgilda viðurkenningu á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. 1. mgr., skal sá sem framleiðir, flytur inn eða selur vöruna leita viðurkenningar hjá Brunamálastofnun áður en varan er sett á markað hér á landi. Kostnaður vegna beiðni um viðurkenningu skal borinn af þeim sem óskar viðurkenningar.

Brunamálastofnun sker úr um ágreining vegna notkunarviðs vöru.

Telji Brunamálastofnun að vara fullnægi ekki kröfum skv. 1. mgr. er stofnuninni heimilt að banna sölu hennar. Um málsmeðferð Brunamálastofnunar og réttarfarsúrræði vegna sölubanns fer eftir ákvæðum IV. og V. kafla laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, eftir því sem við á.

VII. KAFLI

Tilkynningar um eldsvoða og rannsóknir.

26. gr.

Tilkynningarskylda.

Þeim sem verður fyrir brunatjóni er skylt að tilkynna það til hlutaðeigandi lögreglustjóra svo fljótt sem unnt er.

27. gr.

Lögreglurannsókn.

Lögregla rannsakar eldsvoða þegar eftir brunatjón samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála og kveður til sérfróða menn eftir því sem hún telur þörf á. Hún tilkynnir Brunamálastofnun og Löggildingarstofu um eldsvoðann og rannsókn sína.

Að lokinni rannsókn sendir lögreglan afrit af rannsóknargögnum til Brunamálastofnunar, hlutaðeigandi slökkviliðsstjóra og váttryggingafélags nema öðruvísi sé mælt fyrir um í lögum.

28. gr.

Rannsókn Brunamálastofnunar.

Verði manntjón eða mikið eignatjón í eldsvoða skal Brunamálastofnun, óháð lögreglurannsókn, rannsaka eldsvoðann, kröfur eldvarnaeftirlits og hvernig að slökkvistarfi hafi verið staðið.

Váttryggingafélög skulu senda Brunamálastofnun upplýsingar ár hvert um bætt tjón af völdum bruna og mengunaróhappa á landi.

VIII. KAFLI

Þvingunarúrræði og viðurlög.

29. gr.

Aðgerðir til að knýja fram úrbætur.

Ef ákvæði laga þessara eða reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim eru brotin skal slökkviliðsstjóri þegar í stað gera ráðstafanir til að úr verði bætt. Byggingarfulltrúi aðstoðar slökkviliðsstjóra til að knýja eiganda og eftir atvikum forráðamann mannvirkis til úrbóta, sbr. 23.–24. gr., á grundvelli byggingarreglugerðar.

Slökkviliðsstjóri getur beitt eftirfarandi aðgerðum til að knýja fram úrbætur vegna mannvirkis í notkun:

1. veitt skriflega áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta,
2. fyrirskipað öryggisvakt á kostnað eiganda eða forráðamanns og veitt skriflega áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta,
3. bannað notkun mannvirkis að hluta eða að öllu leyti þar til úr hefur verið bætt og krafist lokunar.

Að fengnu samþykki sveitarstjórnar getur slökkviliðsstjóri ákveðið að framkvæmdar verði nauðsynlegar úrbætur á kostnað eiganda eða forráðamanns mannvirkis. Kostnað má innheimta með fjárnámi.

30. gr.

Öryggisvakt.

Ef unnt er að tryggja lágmarksöryggi fólks með aðgerðum til bráðabirgða skal slökkviliðsstjóri fyrirskipa að staðin verði öryggisvakt, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 29. gr., á kostnað eiganda eða forráðamanns meðan unnið er að úrbótum. Notkun mannvirkis er heimil meðan unnið er að úrbótum.

31. gr.

Lokun mannvirkis.

Slökkviliðsstjóri skal krefjast lokunar mannvirkis, sbr. 3. tölul. 2. mgr. 29. gr., ef um alvarleg tilvik eða ítrekað brot er að ræða, enda verði öryggisvakt ekki við komið. Ef aðili sinnir ekki úrbótum innan tilskilins frests, sbr. 1. og 2. tölul. 2. mgr. 29. gr., getur slökkviliðsstjóri jafnframt krafist lokunar mannvirkis.

Slökkviliðsstjóri skal tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi sveitarstjórn, eiganda og/eða forráðamanni mannvirkis fyrirhugaða lokun. Að því loknu skal lögreglustjóri loka mannvirki þar til gerðar hafa verið viðeigandi úrbætur að mati slökkviliðsstjóra og lögreglustjóra.

32. gr.

Dagsektir.

Í áminningu skv. 1. og 2. tölul. 29. gr. skal koma fram að sinni aðili ekki úrbótum innan tilskilins frests sé heimilt að krefjast dagsekta eftir að frestur er liðinn þar til úr hefur verið bætt, að fengnu samþykki sveitarstjórnar. Dagsektir renna til viðkomandi sveitarsjóðs og skal hámark þeirra vera 500.000 kr. á dag. Dagsektir má innheimta með fjárnámi.

33. gr.

Íhlutun Brunamálastofnunar og ráðherra.

Telji Brunamálastofnun að brotin séu ákvæði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim og slökkviliðsstjóri geri ekki fullnægjandi ráðstafanir til úrbóta skal Brunamálastofnun benda slökkviliðsstjóra á það sem bæta þarf úr. Brunamálastofnun hefur rétt til að beita sömu þvingunarúrræðum og slökkviliðsstjóri ef ekki er úr bætt.

Telji Brunamálastofnun að sveitarstjórn sinni ekki skyldu sinni samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim ber stofnuninni að undangenginni viðvörðun til sveitarstjórnar að tilkynna það umhverfisráðuneytinu. Telji ráðherra að sveitarstjórn sinni ekki skyldu sinni getur ráðuneytið gripið til nauðsynlegra aðgerða á kostnað viðkomandi sveitarfélags.

34. gr.

Refsingar.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum. Séu sakir miklar varða brot fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

Nú er brot framið í starfsemi lögaðila og má þá gera lögaðilanum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum, enda séu brot hans framin í starfi hans hjá lögaðilanum.

35. gr.

Málsmeðferð.

Við meðferð mála samkvæmt þessum kafla skal fylgja ákvæðum stjórnsýslulaga eftir því sem við á.

IX. KAFLI

Málsmeðferð og ýmis ákvæði.

36. gr.

Ágreiningur um framkvæmd laganna.

Rísi ágreiningur um ákvörðun annars aðila en umhverfisráðherra um framkvæmd laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim er heimilt að kæra umrædda ákvörðun til ráðherra sem kveður upp endanlegan úrskurð á stjórnsýslustigi. Þetta gildir þó ekki um lögreglu-rannsókn skv. 27. gr. Um kærurétt og málsmeðferð fer eftir ákvæðum stjórnsýslulaga.

Ef upp kemur ágreiningur á milli slökkviliðsstjóra annars vegar og eiganda eða forráða-

manns hins vegar um úrræði þau sem mælt er fyrir um í 29.–32. gr. er heimilt að vísa þeim ágreiningi til Brunamálastofnunar.

Heimilt er að kæra ákvörðun sem tekin er á grundvelli VIII. kafla til ráðherra og skal það gert innan mánaðar frá því að hún var tilkynnt.

37. gr.

Brunavarnagjald.

Vátryggingafélög og aðrir sem annast vátryggingar skulu árlega innheimta með iðgjöldum sínum sérstakt brunavarnagjald. Brunavarnagjaldið skal nema 0,045 prómillum af vátryggingarfjárhæð brunatrygginga fasteigna og lausafjár, svo og samsettra vátrygginga sem fela í sér brunatryggingu. Viðlagatrygging telst þó ekki gjaldskyld trygging í þessu efni né heldur brunatryggingar skipa og flugvéla. Brunavarnagjaldið skal notað til að fjármagna starfsemi Brunamálastofnunar.

Þeir sem innheimta brunavarnagjaldið skulu hafa staðið ríkissjóði skil á gjaldinu innan þriggja mánaða frá innheimtu þess. Endanlegt uppgjör gjaldsins fyrir hvert ár fer fram þegar ársreikningar þeirra sem annast innheimtu þess liggja fyrir.

Ráðherra setur nánari reglur um innheimtu brunavarnagjalds í reglugerð.

38. gr.

Námsstyrkir.

Heimilt er Brunamálastofnun að veita þeim sem starfa að brunamálum styrki til náms á sviði brunamála í samræmi við fjárlög hverju sinni.

Brunamálastofnun annast úthlutun styrkja að fenginni umsögn brunamálaráðs. Ráðherra setur ákvæði um styrki og úthlutun þeirra í reglugerð.

39. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að fenginni tillögu Brunamálastofnunar.

Reglugerð um brunavarnir í samgöngumannvirkjum setur ráðherra að fengnum tillögum Brunamálastofnunar og að fenginni umsögn samgönguráðherra.

Við setningu reglugerða samkvæmt lögum þessum skal hafa samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um atriði sem varða skyldur sveitarfélaga.

40. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 41/1992, um brunavarnir og brunamál, með síðari breytingum.

Reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem sett eru samkvæmt eldri lögum skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau fara ekki í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Á árunum 2001 til og með 2005 er Brunamálastofnun heimilt að veita þeim sveitarfélögum tímabundinn fjárstuðning sem sameinast um rekstur eldvarnaeftirlits og/eða slökkviliðs, sbr. 14. gr., eftir reglum sem ráðherra setur að fenginni umsögn brunamálaráðs. Heildarfjárstuðningur skal ákveðinn í fjárlögum hvers árs og skal hann ekki vera lægri ár hvert en sem nemur mismun á innheimtu brunavarnagjaldi annars vegar og kostnaði við rekstur Brunamálastofnunar hins vegar.

II.

Í sveitarfélögum skal liggja fyrir brunavarnaáætlun, sbr. 13. gr., innan tveggja ára frá gildistöku laga þessara. Brunamálastofnun gefur út leiðbeiningar um efni og gerð slíkra áætlana innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara.

III.

Ákvæði 15. gr. um hæfisskilyrði slökkviliðsstjóra gilda ekki um þá slökkviliðsstjóra sem ráðnir hafa verið til starfa fyrir gildistöku laga þessara.

IV.

Endurskoða skal ákvæði laga þessara og annarra laga sem fjalla um byggingarefni og öryggi bygginga, sem og ákvæði reglugerða á þeim byggðum, með það fyrir augum að sameina réttarheimildir um byggingar og önnur mannvirki og einfalda framkvæmd þeirra, þar með að heimila notkun skoðunarstofa í eftirliti með gerð og viðhaldi bygginga og annarra mannvirkja.

Samþykkt á Alþingi 10. maí 2000.